LÖG

um brunatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Húseigendum er skylt að vátryggja gegn eldsvoða allar húseignir, þar með talin öll útihús, hvort heldur eru gripahús, hlöður, geymslur eða annað sem metið verður sem hús skv. 2. gr. Hús í smíðum skal einnig vátryggja og fer um vátryggingarupphæð þeirra á hverjum tíma eftir samkomulagi milli eiganda og vátryggingafélags.

Ný hús skal meta eigi síðar en fjórum vikum eftir að þau eru tekin í notkun og er eiganda skylt að sjá um að slíkt sé tilkynnt vátryggjanda.

Vátryggingafélag skal ekki taka gilda uppsögn á skylduvátryggingu skv. 1. mgr. nema uppsögn fylgi staðfesting á að húseigandi hafi stofnað til nýrrar skylduvátryggingar hjá öðru vátryggingafélagi. Við eigendaskipti skal viðkomandi vátryggingafélag ekki taka gilda uppsögn nema henni fylgi staðfesting um að nýr eigandi hafi stofnað til skylduvátryggingar.

2. gr.

Vátryggingarupphæð húsa, sem lög þessi ná til, annarra en húsa í smíðum, skal nema fullu verði þeirra eftir virðingu. Dómkvaddir matsmenn eða Fasteignamat ríkisins annast virðingu skylduvátryggðra húsa. Þegar dómkvaddir matsmenn sjá um virðingu skulu þeir skila Fasteignamati ríkisins upplýsingum um matið innan 15 daga frá því að mati lauk.

Virðing skal gerð samkvæmt matseiningakerfi Fasteignamats ríkisins. Markmið virðingar er að finna hið sanna vátryggingarverðmæti (brunabótamat) húseignar á þeim tíma er virðing fór fram. Ef annar hvor aðili vill ekki una niðurstöðu virðingar getur hann óskað yfirmats.

Breyta skal vátryggingarverði húsa til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar.

3. gr.

Bætur fyrir tjón á húseign má aðeins greiða til þess að gera við húseign sem skemmst hefur við bruna eða til endurbyggingar. Vátryggjanda er skylt að sjá til þess áður en bætur eru greiddar að þeim sé réttilega varið.

Vátryggjanda er heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu að höfðu samráði við skipulagsyfirvöld. Vátryggjanda er þá heimilt að víkja frá brunabótamatsfjárhæðinni eftir ákvæðum sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

Nú verður brunatjón meira en helmingur brunabótamatsverðs og sveitarstjórn telur nauðsynlegt vegna eldhættu eða af skipulagsástæðum að hlutaðeigandi hús verði fjarlægt og er henni þá heimilt að leysa húsið til sín. Greiðir hún þá mismun þann sem er á brunabótum og heildarmatsverði hússins. Ef sveitarstjórn eða eigandi telja brunabótamatsverð ekki rétt getur hvor um sig krafist endurmats og skal þá miða greiðslu við endurmatsverðið.

4. gr.

Öll iðgjöld og matskostnaður af húseignum í skyldutryggingu hvíla sem lögveð á eignunum sjálfum og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum sem á þeim hvíla nema sköttum til ríkissjóðs.

Séu iðgjöldin eigi greidd innan sex mánaða frá gjalddaga er heimilt að láta selja hina vátryggðu eign á uppboði án undanfarins dóms, sáttar eða lögtaks en tilkynna skal vátryggjanda í ábyrgðarbréfi eða á annan öruggan hátt að sölu hafi verið beiðst. Á sama hátt skal sýslumaður aðvara eiganda með tveggja vikna fyrirvara áður en hann sendir söluauglýsingu til birtingar.

Uppboðið skal auglýst einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Má sala ekki fara fram fyrr en sex vikum eftir birtingu auglýsingarinnar.

5. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal setja reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga, þar á meðal verksvið vátryggjanda, skyldur vátryggingataka, bótauppgjör, undanskildar áhættur, réttarstöðu við eigendaskipti, rétt veðhafa og framkvæmd virðingar og yfirmats, þar á meðal kostnað virðingar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um brunatryggingar í Reykjavík, nr. 25/1954, og lög um brunatryggingar utan Reykjavíkur, nr. 59/1954.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Undanþága Reykjavíkurborgar frá ákvæðum 4. gr. fyrstu tilskipunar ráðsins 73/239/EBE, með síðari breytingum, um rekstur Húsatrygginga Reykjavíkur, sbr. IX. viðauka í EES-samningnum, gildir áfram eftir gildistöku þriðju tilskipunar ráðsins 92/49/EBE að öðru leyti en því að einkaréttur Reykjavíkurborgar vegna brunatryggingar húseigna í sveitarfélaginu fellur niður frá og með 1. janúar 1995. Húseigendur skulu þó í síðasta lagi fyrir 30. nóvember 1994 tilkynna Húsatryggingum Reykjavíkur skriflega hyggist þeir flytja þessar tryggingar til annars félags. Tilkynningu um uppsögn skal fylgja staðfesting vátryggingafélags þess efnis að stofnað hafi verið til lögboðinnar brunatryggingar frá og með 1. janúar 1995. Að öðrum kosti framlengist vátryggingin til eins árs í senn. Tekjur sem Reykjavíkurborg kann að hafa af rekstri Húsatrygginga Reykjavíkur skal leggja í sjóð til eflingar brunavörnum og tryggingarstarfsemi.

II.

Húseigendur utan Reykjavíkur skulu bundnir af þeim samningum sem gerðir hafa verið milli sveitarfélaga og vátryggingafélaga um brunatryggingar allra húseigna í hlutaðeigandi sveitarfélagi og af þeim vátryggingaskilmálum sem gerðir hafa verið milli húseigenda og vátryggingafélaga með stoð í fyrrgreindum samningum til loka árs 1994. Frá og með 1. janúar 1995 skal húseigendum utan Reykjavíkur heimilt að brunatryggja húseignir sínar hjá vátryggingafélagi sem þeir sjálfir kjósa, enda hafi félagið heimild til að hafa með höndum slíkar tryggingar. Húseigendur skulu þó í síðasta lagi fyrir 30. nóvember 1994 tilkynna brunatryggingafélagi sínu skriflega hyggist þeir flytja þessar tryggingar til annars félags. Tilkynningu um uppsögn skal fylgja staðfesting annars vátryggingafélags þess efnis að stofnað hafi verið til lögboðinnar brunatryggingar frá og með 1. janúar 1995. Að öðrum kosti framlengist vátryggingin til eins árs í senn.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Guðmundur Árni Stefánsson.